Skipulagsstofnun

Akureyrarbær
Margrét M. Róbertsdóttir, verkefnastjóri
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 15. apríl 2021
Tilvísun: 201712008 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Holtahverfi norður, Akureyrarbær

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 18. febrúar 2021, móttekið 17. mars 2021, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 1. febrúar 2021.Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum, Norðurorku, Vegagerðinni og Minjastofnun. Deiliskipulagið var samþykkt, með breytingum í bæjarstjórn, þann 16. febrúar 2021 ásamt tillögu að svörum við umsögnum og athugasemdum (ódagsett).

Í deiliskipulaginu felst um 40 ha svæði. Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar auk nýrrar íbúðarbyggðar norðaustan við Krossnesbraut með blandaðri byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa, parhúsa og einbýlishúsa. Lögð er áhersla á vistvænt skipulag, útivistarsvæði og öruggar samgöngur.

Samhliða var auglýst breyting á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2018-2030 auk breytinga á mörkum tveggja aðliggjandi deiliskipulagssvæða, Stórholts-Lyngholts og Sandgerðisbót.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags falla úr gildi tvær deiliskipulagsáætlanir Deiliskipulag Einholts frá 2004 og deiliskipulag við Undirhlíð og Miðholt m.s.br. frá 2008.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu, dags. 1. mars 2021 (útgáfa 1.2) og á uppdrætti í mkv. 1:1000 með sömu dagsetningu. Deiliskipulaginu fylgir húsakönnun, dags. 7. desember 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Stofnunin minnir á að þegar nýtt deiliskipulag yfirtekur og fellir úr gildi eldri deiliskipulagsáætlanir þarf að geta þess í auglýsingunni sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

Sóley Ósk Sigurgeirsd.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir